



## Umsókn um endurveitingu ökuréttar

Ég undirrituð/aður: \_\_\_\_\_

Kt: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Póstnúmer og staður: \_\_\_\_\_

Sæki hér með um endurveitingu ökuréttar og lýsi yfir að ég hef á undanförunum 5 árum:

- Ekki gerst sekur um umferðarlagabrot
- Ekki gerst sekur um brot á áfengislögum nr. 75/1998
- Ekki gerst sekur um brot á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974
- Staðið skil á sekt og sakarkostnaði vegna mála sem leiddu til sviptingar ökuréttindanna

Í 2. mgr. 106. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er m.a. fjallað um endurveitingu ökuréttar. Reglan er undantekningarregla sem veitir ríkislögreglustjóra heimild til að veita aðila ökurétt að nýju þrátt fyrir sviptingu ævilangt. Sá áskilnaður er gerður að “sérstakar ástæður” þurfi að mæla með endurveitingu svo að unnt sé að fallast á hana.

Af lögskýringargögnum með umferðarlögum verður ráðið, að með orðunum “sérstakar ástæður” sé aðallega vísað til þess, að viðkomandi hafi sýnt reglusemi og að ekki séu lengur fyrir hendi þær ástæður, sem ökuleyfissviptingin byggðist á. Í því sambandi þykir rétt að horfa m.a. til brotaferils hérlendis sem erlendis.

Með undirritun minni hér að neðan heimila ég að leitað verði upplýsinga um mig í málaskrá lögreglu og hjá Ríkissaksóknara. Farið verður með þær upplýsingar sem trúnaðarmál og þeim upplýsingum eytt þegar afstaða hefur verið tekin til endurveitingarinnar. Ég geri mér ennfremur grein fyrir því að ef þær upplýsingar sem ég gef við umsókn mína um endurveitingu ökuréttar reynast rangar, kann það að hafa áhrif á afgreiðslu umsóknarinnar.

\_\_\_\_\_

Dags

\_\_\_\_\_

Undirskrift